



Nýting jarðhita til húshitunar í Langanesbyggð

Tímaáætlun

Líkt og segir í verkefnalýsingu þá er ráðgert að leita samstarfs við Jarðfræðistofuna Stapa. Fyrirtækið hefur mikla reynslu á þessu sviði og hefur unnið að rannsóknum á svæðinu áður. Starfsfólk Stapa verður á svæðinu í sumar vegna verkefna við Hafralónsá, sem gerir það að verkum að fyrirtækið gæti tekið að sér fleiri verkefni á svæðinu, og undirbúið jarðhitaleit og boranir.

Nánari tímaáætlun verður unnin í samstarfi við Stapa, út frá verkefnastöðu þeirra og frekari útfærslu á verkefninu. Þótt ekki sé útilokað að hægt sé að byrja á verkefninu nú í sumar, þá er líkleggra að bróðurpartur vinnunnar fari fram á næsta ári, og vísast að gera ráð fyrir verklokum haustið 2026. Eins og gengur í þessum efnum, þá má alltaf gera ráð fyrir því að einhver bið sé eftir borþjónustu, enda verkefnin mörg og takmarkað framboð af tækjum og mannskap.